

**Gátlisti við komu og brottför og
ábendingar um umgengni um
Hjálmfríðarból**

26. maí 2015

Almennt:	
Neyðartilvik:	Hringja í 112 og gefa upp öryggisnúmer Hjálmsfríðarbóls sem er 224 3426 . Staðsetning í GPS-hnitum er: N 66°20,446' V 23°6,049'
Slökkvitæki og sjúkra- kassi:	Slökkvitæki og sjúkrakassi eru staðsett á veggnum hægra megin við útidyrhurðina á leið út úr húsinu. Eldvarnarteppi er í kassa á hægri hlið skápsins fyrir ofan vaskinn í eldhúskróki.
Útidyrhurð	Útidyrhurð er aflæst/læst með því að stinga lykli í skrá, lyfta snerli um 30 gráður og snúa lykli.
Sorp og annar úrgangur	<p>Mikilvægt er að flokka rusl til að þurfa sem minnst að taka með sér til baka með bátnum. Tvær ruslafötur eru í eldhúsi, grá fyrir almennt heimilissorp og svört fyrir lífrænan úrgang. Söfnunarkassi fyrir lífrænan úrgang er suðvestanmegin við húsið (ath. að setja einungis úrgang úr jurtaríkinu í hann). Úrgang af kjöti og fiski er eðlilegt að gefa refnum sem sækir hann á kvöldin í brekkuna um 15 m neðan við sandkassann (miðja vegu milli heimreiðar og Traðarár)</p> <p>Dósa- og plastflöskupressa er geymd í forstofu. Pressun: Járn dregið lóðrétt upp. Dós eða flaska sett ofan á plasteiningu pressunnar. Tappi á flösku skrúfaður laus. Ílát dregið saman með því að setja annan fótinn í ístaðið og stíga niður. Tappi á flöskum skrúfaður fastur. Ef ílátið er úr stinnu efni verður verkið léttara ef það er lítillega kreist saman um miðjuna áður en stigið er í ístaðið.</p> <p>Almennt heimilissorp er sett í svarta plastpoka og merkt sem rusl (gott að skrifa á brúnt límband og líma á miðjan poka). Tunnur fyrir sorp eru á bryggjunum á Ísafirði og í Bolungarvík.</p>
Reykskynjarar:	Þrjár reykskynjarar eru í húsinu. Einn skynjari er nálægt stiganum á neðri hæð, annar í risherbergi og þriðji er festur í loftið í norðurenda hússinss, nálægt glugga.

	Nýjar 9v volta rafhlöður (flatar með smellum) eru settar í að vori og teknar úr að hausti. Reykskynjarar eru skildir eftir opnir til að gefa í skyn að þeir séu rafhlöðulausir. Prófa þarf skynjarann reglulega.
Verkfæri og efni til viðhalds	Nauðsynleg verkfæri (skrúfjárn fyrir torsk bita, hamar, rörtangir, lykklar fyrir rær til að festa flaggstöng og fleira) eru geymd í skúffum undir bekk í anddyri hússins. Þar er einnig að finna grilltangir og hanska ásamt málningarpenslum og -hönskum. Undir húsinu er geymd viðarvörn og pallaolíla í skáp og þarf verkfæri (hamar og skrúfjárn) til að opna hann.
Útihúsgögn	Borð, bekkur og fjórir stólar til að hafa á palli fylgja húsinu ásamt sessum. Rétt er að geyma sessur innandyra (á bekk í forstofu) á kvöldin og þegar rignir.
Fánastöng	Fánasöng er reist að vori og felld að hausti. Fáni er geymdur í forstofu. Rétt er að hafa hann ekki uppi í miklu hvassviðri svo hann slitni ekki. Gæta þarf vel að boltum sem notaðir eru til að festa fánastöngina og geyma í plastpoka sem hengdur er á snaga í forstofu ásamt lykli til að festa þá með.
Reykingar:	Sýnið tillitssemi og reykið ekki innandyra. Einnig er varhugavert að reykja á pallinum þar sem eldfim efni eru geymd undir honum.
Húsdýr:	Hundahár valda mörgum ofnæmi. Sýnið tillitssemi og haldið hundum í forstofu.
Sláttuorf	Bensín á 5 lítra grænum brúsa tekið með og einu hylki af sláttuvélaolíu bætt í áður en því er hellt á bensínkútinn á orfinu. Það má alls ekki nota orfið nema búið sé að bæta þessari olíu í bensínið í hlutföllunum 1:50 (100 ml í 5 lítra)
Gas:	
Umgengni um og notkun gastækja:	Af öryggisástæðum skal ætíð hafa lokað fyrir gasstreymi inn í húsið að næturlagi. Hafið opinn glugga þegar gasofn er í notkun. Gastæki mega ekki vera í notkun á nóttinni.

Gasskynjari:	Gasskynjarinn er tengdur við 12 Volta rafmagn allt árið. Aldrei má aftengja skynjarann jafnvel þótt hann fari í gang vegna gasleka.
Gaskútar og þrýstijafnarar:	Öll gastæki eru fyrir nýju plastgaskútana frá Ísaga (sem taka 11 kg. af gasi) og viðeigandi þrýstijafnara. Jafnarinn er tengdur við kútinn með því að skrúfa hann rangsælis á stútinn á kútnum. Umboðsmaður Ísaga á Ísafirði er Þröstur Marsellíusson hf., Hnífsdalsvegi 27, s. 456 3349.
Vatnsgashitari á salerni:	Kveikt er á hitaranum með því að setja vinstri takkann framan á hitaranum í þá stillingu sem leyfir að honum sé þrýst inn og opna fyrir gastreymi. Kveikt er í gasinu með því að hleypa á það neista. Það er gert með því að þrýsta snögg á taka sem er staðsettur undir hitaranum. Halda verður inni fyrrnefnda takkanum meðan gasspýssinn er að hitna. Ætíð verður að vera góð loftræsting á salerni þegar gasvatnshitarinn er í notkun til að koma í veg fyrir kolmónoxíð megun. Kolmónoxíð er lofttegund sem er stórhættuleg lífi og heilsu manna. Slökkt er á hitaranum með því að snúa græna takkanum á gasleiðslunni á lárétta stöðu. Ofan á hitaranum er rörbútur (hattur) sem ekki má fjarlægja.
Gaseldavél:	Þrýsta hlutaðeigandi takka inn, snúa og setja á mesta gasstreymi, nota kveikjara til að kveikja í gasinu. Ath. ekki láta gas streyma út of lengi án þess að kveikja í því.
Gasofn:	Opna fyrir gasstreymi á þrýstijafnara, gas látið streyma út með því að halda niðri miðjutakkanum ofan á ofni. Halda þarf takkanum niðri fáeinar sekúndur eftir að eldur kviknar. Kveikt í gasinu með því að þrýsta á neista takkann og hleypa neista á gasið. Slökkt á ofninum með því að loka fyrir gasstreymi á þrýstijafnara.
Rafmagn:	
Rafkerfið í	Utan á húsinu eru tvær sólarrafhlöður (á suður og

<p>Hjálmsfríðar- bólí:</p>	<p>austur vegg) sem framleiða rafmagn með hjálp sólarljóss. Þær eru tengdar í stjórnstöð, sem er inni í bíslagi, hægra megin við inngöngudyr, þegar gengið er inn. Gegnum stjórnstöðina er sólarrafhlaðan síðan tengd við rafgeymi sem er staðsettur undir húsinu. Með öðrum orðum: Sólarrafhlaðan hleður geyminn og er það rafmagn, sem við notum, tekið af geyminum. Frá stjórnstöðinni eru svo lagnir: Í gasskynjarann, sem er á sér öryggi, og tvær lagnir fyrir ljós í húsinu, sem eru á sitt hvoru örygginu. Í hverju herbergi er eitt ljós, þannig að ekki er þörf á að bera þangað logandi ljós (eld). Sólarrafhlaðan framleiðir venjulega 12-14 Volt DC og frá geyminum fáum við til notkunar 12 Volt DC. (eins og í bílum). Í stofu eru tveir tenglar. Við þá er hægt að tengja tæki sem nota 12 Volt DC. Annar tengillinn lítur út eins og venjulegur tengill, utan hvað annar póllinn í klónni er sverari en hinn. Er það haft svo til að + og - ruglist ekki. Í forstofunni er lítil ryksuga, sem hægt er að nota með því að tengja í þessa innstungu. Hinn tengillinn er eins og kveikjaratengill í bílum og hentar til að hlaða síma og önnur tæki sem hlaða má með slíkum tenglum. Þá er á hillu, við kveikjaratengilinn, spennubreytir sem breytir jafnstraumi 12V jafnstraumi (DC) í riðstraum 220V (AC) þannig að hægt er að hlaða tæki sem nota riðstraum. ATH! Venjulegt húsarafmagn er 220 Volt AC. Langflest hleðslutæki eru þeirrar gerðar að þeim er stungið í 220 Volt AC og gefa svo frá sér mismunandi spennu á DC formi.</p>
<p>Umgengni og notkun rafmagns á Hjálmsfríðar- bólí.</p>	<p>Rafmagnsframleiðslan ræðst af birtumagninu. Sólskin og birta efla framleiðsluna. Þoka og drungi draga úr henni. Á stjórnstöðinni er Amper (Straum) mælir og Volt (Spennu) mælir. Þegar bjart er sýnir Volt mælirinn 12-14 Volt. Ef lítið er eftir á geyminum undir húsinu sýnir Amper mælirinn oft 1-4 Amper. Þá er sólarrafhlaðan að hlaða geyminn og væntanlega er þá bjart úti. Þegar geymirinn er fullhlaðinn sýnir Amper mælirinn 0 en skýtur með nokkurra sekúndna millibili</p>

	<p>hleðslu á geyminn og stígur þá mælirinn upp örstutt í einu. Undir Ampermælinum er veltitakki sem hægt er að velta til vinstri og sést þá hver straumnotkunin er þá stundina. Ekki er ráðlegt að nota meira en 2 Amper í einu. Þeim mun hærra sem mælirinn stígur, þegar ýtt er á takkann, þeim mun styttra endist hleðslan á geyminum.</p>
Sími:	
Síminn í Hjálmfríðar-bóli:	<p>Í Hjálmfríðarbóli er gamall Nokia (5110) sími. Hann þarf að sitja í meðfylgjandi vögg og er þannig tengdur við loftnet. Loftnetssnúra er á vögginni og er hún tengd við snúru (með skrúfgangi) frá loftnetsgreiðu sem fest er við stöng utan við húsið. Athugið að ekki er hægt að tala í símann nema símtólið sitji í vögginni. Huga þarf vel að tengingu milli snúranna og gott að sprauta olíu (W40) í skrúfganginn milli þeirra. Gestir nota sín eigin GSM kort í símann (ath. að litlu kortin í snjallsíma passa ekki og því þarf að athuga að hulstur utan um þau, sem passa í gamla síma, séu tiltæk).</p>
Loftnetsgreiða fyrir síma:	<p>Loftnetsgreiða geymd innandyra - loftnetsstöng undir húsi. Þegar loftnet er aftengt er snúran dregin í gegnum rörið með appelsínugulan spotta í eftirdragi. Að vori er loftnetssnúran dregin sömu leið í gegnum rörið með spottanum.</p>

	Við komu að vori:
Vatn	<p><i>Verkfæri: Tvær rörtengur (spóatengur) sem ná utan um 25 mm fittings, hleðsluborvél, borvéladæla (er uppi á hillunni í andyri Hjálmfríðarbóls) eða lensidæla (er á sama stað og borvéladælan).</i></p> <ol style="list-style-type: none"> a. Loka fyrir alla krana inni í húsinu og við vatnsinntakið í húsið (krani með bláu skapti). Tengja vatnslagnir að og frá gasvatnshitara og festa botnskrúfur. b. Loka fyrir kranann sem er á vatnsleiðslunni í slakkanum 10 - 15 metrum fyrir ofan húsið þar sem Andraveitan kemur í Traðarána. c. Fara upp að vatnsbólunni og setja vatnslögnina saman um samtenginguna sem er u.þ.b. 10 metra fyrir neðan söfnunarkerið við lindina. d. Fara niður að húsinu og tengja borvéladæluna eða lensidæluna við vatnsleiðsluna (þ.e. garðslöngukranann). Ganga þannig frá tengingunni að tryggj sé að dælurnar dragi vatn frá vatnsbólunni niður eftir vatnsleiðslunni að húsinu. e. Þegar vatn er komið á er rétt að láta það renna utandyra áður en það er tengt við lögnina inn í húsið til að losna við óhreinindi. f. Þegar skrúfað er frá krananum sem hleypir vatni inn á húsið er ráðlegt að einhver sé innandyra til að fylgjast með krönum og lögnum. Einnig er gott að losa um sigti í öllum krönum og láta vatn renna góða stund áður en þau eru sett í aftur til að losna við óhreinindi. <p>Vandamál: Ef vatn kemur ekki eftir vatnsleiðslunni er líklegasta skýringin að hún dragi einhvers staðar loft annað hvort vegna þess að ekki er gengið rétt frá samtengingunni við vatnsbólið eða vatnsleiðslan er frostsprungin. Hún gæti einnig hafa marist og á hana komið gat þar sem hún liggur í Traðaránni. Ef búið er að fullvissa sig um að gengið hefur verið rétt</p>

	<p>frá samtengingunni við vatnsbólið án þess að það takist að fá vatn til að renna um leiðsluna verður að freista þess að einangra þann stað þar sem leiðslan tekur loft. Best er að gera þetta með því að byrja á því að fá vatn til að renna um efsta hluta leiðslunnar. Þetta má gera með því að fara með tæki og tól að samtengingu á vatnsleiðslunni sem er um 80 til 90 skref fyrir neðan Bretavegin þar sem leiðslan kemur ofan í mýrarflóa. Þar skal taka vatnsleiðsluna í sundur og draga vatnið niður eftir leiðslunni með annarri hvorri dælunni. Þegar vatn er byrjað að renna úr leiðslunni á þessum stað skal setja hana saman. Takist ekki að fá vatn til að renna að þessum stað er vandinn þar fyrir ofan. Komi vatnið á þennan stað er líklegast að vatnsleiðslan hafi orðið fyrir skaða á spottanum þar sem hún kemur ofan í Traðarána og að Hjálmfríðarbóli. Rétt er að skoða þennan hluta vel. Auka samtengingar eru til reiðu í Hjálmfríðarbóli ef í ljós kemur að gat er á vatnsleiðslunni. Þá þarf að taka hana í sundur og setja saman með samtengingu.</p>
Gasvatnshitari	Tengja vatnsleiðslur við hitara og festa botnskrúfur (lykill hangir á vegg við hitarann).
Gas fyrir eldavél og vatnshitara:	Tengja gaskút við gasinntak (þrýstijafnara) sem staðsett er við austurhlið hússins. Auka gaskútar geymdir undir húsinu.
Gluggar	Taka hlera frá gluggum (fyrir gluggum á efri hæð eru hlerar úr plexigleri sem ekki eru fjarlægðir). Hlerar geymdir undir húsi og gæta þarf vel að því að geyma prikin á sama svo þau týnist ekki.
Rafhlaða í reykskynjara:	Setja nýjar rafhlöður í skynjarana. Einn skynjari er nálægt stiganum á neðri hæð, annar í risherbergi og þriðji er festur í loftið í norðurenda hússins, nálægt glugga.
Fánastöng	Fánastöng er undir palli og er hún reist að vori. Stöngin er boltuð við fótstykkið með þremur boltum og til þess notaður fastur lykill sem er í skúffu undir bekknum í forstofunni.

Rafmagn	Kveikja á rafmagnstöflu í anddyri. Setja rafhlöðu á austuvegg í sumarstöðu og yfirfara rafgeymi og töflu. Grænt ljós þarf að loga á gasskynjara.
Sími	Loftnetsstöng er undir palli og er hún fest á handrið á tröppum hússins. Loftnetsgreiða er inni í húsi og er hún fest á stöngina. Loftnetssnúra er dregin í gegnum rörið. Loftnet á símavöggju er tengt við loftnetssnúru á loftnetsgreiðu (gott að sprauta W40 í skrufganginn).
Sláttuorf	Bensín á 5 lítra grænum brúsa tekið með og einu hylki af sláttuvélaolíu bætt í bensínið áður en því er hellt á bensínkútinn á orfinu. Það má alls ekki nota orfið nema búið sé að bæta þessari olíu í bensínið í hlutföllunum 1:50 (100 ml í 5 lítra)

	Við brottför að hausti
Vatn	<p>Frágangur utan dyra að hausti: <i>Verkfæri: Tvær rörtengur (spóatengur) sem ná utan um 25 mm fittings og límband.</i></p> <ol style="list-style-type: none"> a. Opna fyrir krana á vatnsleiðslunni í slakkanummsem er 10 – 15 metra fyrir ofan húsið, þar sem Andraveitan kemur í Traðarána til að tryggja að ekki liggi vatn í slöngunni þar. b. Fara upp að vatnslindinni fyrir ofan Bretavegin. Taka vatnslögnina í sundur um samsetningu sem er í læknum u.þ.b. 10 metra frá söfnunarkerinu yfir lindinni. Líma fyrir endann á rörinu niður að Hjálmfríðarbóli þegar það hefur tæmt sig af vatni. Leggja þennan enda upp á lækjarbakkann og setja stein yfir endann. Setja þann enda sem kemur frá söfnunarkerinu aftur í lækinn og stein yfir þannig að vatn haldi áfram að renna óhindrað úr kerinu. c. Fara niður að Hjálmfríðarbóli og opna fyrir krana með bláu skapti við vatnsinntakið inn í húsið. Þessi krani er þar sem svarta plaströrið kemur að húsinu fyrir neðan gluggann á salerninu. Láta hann standa opinn þannig að tryggt sé að allt vatn renni úr lögnum innan húss. Gæta þarf þess að hafa alla krana innan húss opna.
Gasvatnshitari	Aftengja vatnsleiðslur og losa botnskrúfu til að tæma vatnið alveg af honum. Lykill fyrir skrúfunu hangir á vegg við hlið hitarans.
Salerni og vatnslásar	Muna eftir að sturta tvisvar niður þegar búið er að taka vatn af húsinu til að tæma vatnskassa vel. Í lokin skal setja u.þ.b. 1 lítra af frostlegi í salernisskál og smá slurk í vatnskassa til að verjast skemmdum af völdum frosts. Einnig þarf að setja 250 ml í vatnslása í vöskum á salerni og í eldhúskrók og í sturtubotni. Sturtubarki þarf að ligga á gólfi sturtuklefa og best að skrúfa

	hausinn af svo hann tæmist örugglega.
Sími	Loftnet við símavöggju losað og vaggan ásamt síma og aukarafhlöðu tekin með í bæinn. Loftnetsgreiða skrúfuð af loftnetsstöng og snúran dregin í gegnum rörið með appelsínugulan spotta í eftirdragi. Stöngin er geymd undi húsinu og greiðan innandyra.
Gas fyrir eldavél og vatnshitara:	Aftengja gaskút fyrir eldavél og vatnshitara við gasinntak (þrýstijafnara) sem staðsett er við austurhlið hússins. Aftengja gaskúta í ofni og grilli. Koma gaskútum fyrir í andyri hússins. Flytja tóma kúta til Ísafjarðar og skilja eftir hjá Presti Marsellíussyni hf., Hnífsdalsvegi 27, s. 456 3349. Kútarnir þurfa að vera merktir (H-ból). Ef kútum er skilað eftir lokun eða um helgi eru þeir skildir eftir fyrir ofan húsið og þá þarf að að hringja og láta vita um þá.
Rafhlaða í reykskynjara	Taka rafhlöður úr skynjurum við bröttför og skilja þá eftir opna. Einn skynjari er nálægt stiganum á neðri hæð, annar í risherbergi og sá þriðji er festur í loftið í norðurenda hússins, nálægt glugga.
Þrif:	Munið að skilja við húsið í því ástandi sem þið viljið að það sé í við komu.
Sorp og annar úrgangur:	Sérhver húsráðandi er ábyrgur fyrir því að koma sorpi og öðrum úrgangi sem til fellur á dvalartíma í sorpgáma á Ísafirði eða Bolungarvík. Sjá umfjöllun um sorp á bls 1.
Dýnur og sængur	Dýnur í rúmstæðum í herbergjum á neðri hæð eru reistar upp á rönd svo lofti vel um þær. Dýnum á svefnlofti staflað í tvo stafla og sængur og koddar lögð ofan á.
Útihúsgögn	Húsgögnin eru geymd innandyra (í stofu og herbergjum) yfir veturinn.
Sláttuorf	Orfið er geymt innandyra og lagt ofan á bita í borðstofu. Græni bensínbrúsinn tekinn með í bæinn. Auka hylki með sláttuvélaolíu límdir á sláttuorfið

	(muna að kaupa ný ef þau eru búin).
Rafmagn:	Slökkva á rafmagnstöflu í anddyri. Rafhlöðurnar hlaða inn á geymana þó svo slökkt sé á stjórnstöðinni. Ætlast er til þess að sólarraflöðurnar hlaði stöðugt inn á geyminn allt árið. Það kemur m.a. í veg fyrir frostskemdir á geyminum. Festingar sólarraflöðu á austur vegg eru þannig gerðar að hún hallar upp á móti sólarljósinu (Ca. 45° horn við húsið). Að hausti þarf að leggja hana niður að húsveggnum. Þetta virkar eins og hún sé á lömum. Það eru 3 armar, sem halda sólarraflöðunni í þessum halla. Þá þarf að losa, 1 skrúfu á hverjum armi, neðri skrúfunu, og leggja sólarraflöðuna niður að húsveggnum.
Gluggar	Loka öllum gluggum og setja hlera fyrir alla glugga á neðri hæð (fyrir gluggum á efri hæð eru hlerar úr plexigleri sem ekki eru fjarlægðir). Hver hleri er festur með tveimur prikum sem ganga inn í augu á krókum sem festir hafa verið á gluggakarmana. Nauðsynlegt getur verið að snúa krókunum til að prikin falli auðveldlega ofan í augun. Hlerarnir eru merktir hverjum glugga og mikilvægt er að setja þá fyrir rétta glugga. Hvítur hleri er í lokin settur fyrir glugga á útidyrahurð.
Útidyrahurð:	Læsa útidyrahurð. Lykli stungið í skrána, lyfta snerli um 30 gráður og snúa lykli.

Hjálmfríðarból

Gátlisti við komu að vori

(nánari útskýringar er að finna í blárri plastmöppu á símahillu)

1. Taka hlera frá útidyrhurð og opna (lyfta þarf snerli).
2. Loka fyrir alla vatnskрана inni í húsinu (vöskum í eldhúsi og á baði og sturtu).
3. Tengja vatnsleiðslur á gasvatnshitara og festa botnskrúfum.
4. Loka fyrir krana með bláu skapti við vatnsinntakið inn í húsið.
5. Tengja vatn í vatnsbóli og muna að loka fyrir krana í slakkanum fyrir ofan húsið (skoða vel leiðbeiningar í möppu).
6. Losa hlera frá gluggum og setja undir húsið (gæta vel að því að að prikin týnist ekki).
7. Sópa flugum út úr húsi og bera út hluti sem þar hafa verið geymdir.
8. Skoða allt húsið og athuga hvort einhvers staðar hefur lekið inn.
9. Tengja gaskúta og skoða vel gasleiðslur(undir húsi, í ofn og grill).
10. Setja rafhlöður í reykskynjara.
11. Setja sólarrafhlöðu á austurvegg í sumarstöðu og athuga rafgeymi undir húsi.
12. Kveikja á rafmagnstöflu við inngang í anddyri og tryggja að rafmagn sé á húsinu og grænt ljós á gasskynjara.
13. Festa upp loftnet fyrir síma og tengja við vögg.
14. Reisa fánastöng (boltar og lykill í skúffu í forstofu) og flagga (fáni í forstofu).
15. Þrífa glugga að utan og húsið eins og þörf krefur.
16. Muna að blanda sláttuvélaolíu í bensín áður en það er sett á sláttuorf (1:50)

Gátlisti fyrir frágang að hausti

(nánari útskýringar er að finna í blárri plastmöppu á símahillu)

1. Skrá hvað er til af efni til sameiginlegra nota, s.s. sláttuvélaolía, hreinsiefni og eldhús- og salernispappír.
2. Fella fánastöngina og setja undir húsið og fáni geymdur í forstofu.
3. Boltar og lykill settir í plastpoka sem er geymdur í skúffu í forstofu.
4. Losa rafhlöður úr reykskynjurum og skilja þá eftir opna.
5. Taka saman farangur og þrifa húsið.
6. Losa gaskúta og taka tóma kúta með til Ísafjarðar.
7. Setja grill og húsgögn á palli inn í hús.
8. Taka niður loftnetsstöng (setja stöng undir húsið og greiðu inn).
9. Taka síma ásamt vöggu og rafhlöðum með í bæinn.
10. Setja sláttuorf inn í hús og taka græna bensíbrúsann með í bæinn.
11. Slökkva á rafmagnstöflu í anddyri, setja rafhlöðu á austuvegg í vetrarstöðu og yfirfara rafgeymi og töflu.
12. Setja hlera fyrir glugga.
13. Opna fyrir krana í slakka fyrir ofan húsið og aftengja vatn í vatnsbóli (skoða vel leiðbeiningar í möppu).
14. Opna fyrir krana með bláu skapti við vatnsinntakið inn í húsið.
15. Aftengja vatnsleiðslur á gasvatnshitara, losa botnskrúfur og tæma vel.
16. Skrúfa frá öllum krönum inni í húsinu (vöskum í eldhúsi og á baði og sturtu).
17. Sturta tvisvar niður úr salerniskassa og setja 1 l af frostlegi í salernisskál og slatta í vatnskassa.
18. Setja 250 ml af frostlegi í vatnslása á vöskum og sturtu.
19. Leggja sturtubarka á botn sturtuklefa og skrúfa hausinn af.
20. Taka allt rusl með í bæinn.
21. Læsa útidyrhurð og setja hlera fyrir.
22. Setja hjólbörur undir húsið og loka hlera.

Listi yfir efni sem þarf að taka með að vori í Hjálmsfríðarból

1. Frostlögur (það þarf ca 2 l og gott að taka með sér tvöfalt magn ef loka þarf húsinu tvisvar)
2. Örhreynsir fyrir rotþró. Fæst í Kemi, Tunguhálsi 10
3. Raffhlöður í reykskynjara (3 stk).
4. Sláttuvélaolíla (100 ml). Fæst í Garðheimum.
5. 5 lítar af bensíni settir á græna bensínbrúsann og olían sett út í (100 ml í 5 l)
6. Handsápa, uppþvottalögur og annað hreinsiefni eftir þörfum
7. Uppþvottabursti
8. Sími ásamt rafhlöðum
9. Símaskrá
10. Dagatal
11. Eldhús- og salernispappír eftir þörfum.

Ef eitthvað gleymist eða í ljós kemur að vantar þarf að láta þann sem kemur næst vita, eða hafa samband við formann, ritara eða gjaldkera.